

Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skilagreinar vegna styrkumsókna til borgarráðs***

Á fundi borgarráðs 13. febrúar sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn sem var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar:

Nú stendur til að afgreiða árlega styrkúthlutun borgarráðs. Flokkur fólksins hefur nokkrar spurningar í þessu sambandi. Í 9. gr. um reglur um styrkveitingar segir að hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja. Spurt er hvort allir þeir sem hlotið hafa styrk t.d. síðustu fimm ár hafi skilað inn skilagreinum? Hvernig er brugðist við ef styrkþegi skilar ekki inn skilagrein? Þarf viðkomandi þá að endurgreiða styrkinn?

Á fundi borgarráðs 30. apríl sl. var lögð fram ársskýrsla fjármála og áhættustýringarsviðs, dags. 27. apríl 2020, varðandi framkvæmd styrkjareglna 2019. Þar kemur fram að í samræmi við styrkjareglur skal fjármála- og áhættustýringarsvið árlega taka saman greinargerð fyrir borgarráð um styrkveitingar, samstarfssamninga og þjónustusamninga og hvernig til hefur tekist að ná markmiðum borgarinnar. Greinargerð þessi byggir annars vegar á gögnum úr fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar (Agresso) og hins vegar á svörum við fyrirspurnum um framkvæmdina. Vísað er til niðurstöðu skýrslunnar í heild sinni og til skýrslna síðustu fjögurra ára, og til styrkjahandbókar Reykjavíkurborgar frá árinu 2017 sem hefur að geyma reglur um meðferð, afgreiðsla og eftirfylgni styrkja, samstarfs- og þjónustusamninga. Að öllu leyti er farið eftir gildandi reglum og leiðbeiningum við styrkúthlutanir borgarráðs, þannig að öllum styrkþegum er gert að skila greinargerð um nýtingu styrks en þau skil eru skilyrði fyrir því að hægt sé að sækja um styrk að nýju. Engum samningum hefur verið verið rift né endurgreiðslu krafist á árinu né síðastliðin ár.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki eða gerir eftir atvikum samstarfs- eða þjónustusamninga við þessa aðila vegna starfsemi eða

Þjónustu sem þeir annast en fellur að hlutverki borgarinnar eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangs röðun borgaryfirvalda. Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi. Styrkir eru veittir af borgarráði og/eða fagráðum til félagasamtaka, fyrirtækja og/eða einstaklinga vegna ákveðinna verkefna. Verkefni geta verið af ýmsum toga. Styrkir eru ekki veittir til að fjármagna lögbundin verkefni borgarinnar. Borgarráð og fagráð veita styrki á grundvelli sérstakra fjárheimilda. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Styrkir eru veittir í eitt skipti í senn.

Allir sem njóta styrkja borgarinnar eða eru viðsemjendur á grundvelli samstarfs- og þjónustusamninga skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga. Samningsaðilar skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg.

Jafnframt er bent á að eftir að fyrirspurnin var lögð fram hefur átt sér stað mikið umbótastarf á vettvangi styrkjamála og á fundi borgarráðs 2. júlí sl. voru tillögur í skýrslu starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutunar Reykjavíkurborgar samþykktar. Þar ber hæst að samþykkt var að setja upp styrkjavef á reykjavik.is sem heldur utan um upplýsingar og leiðbeiningar um alla styrki og er notandi leiddur áfram að umsókn. Rafrænt umsóknarferli styrkja verði skilgreint og smíðað. Það felur í sér rafræna umsókn, afgreiðslur, alla umsýslu og öll samskipti við umsækjendur. Markmiðið er að til verði einn rafrænn ferill sem hægt verður að nota fyrir alla styrki borgarinnar. Jafnframt var samþykkt að styrkjareglurnar verði yfirfarnar og sameinaðar reglum í handbók til skýringar. Reglurnar skulu innihalda allar meginreglur sem varða styrkveitingar Reykjavíkurborgar. Sérstaklega verði farið yfir og samhæfð þau skilyrði sem umsækjendur (einstaklingar, félagasamtök og fyrirtæki) þurfa að uppfylla til að njóta styrkúthlutunar, skil gagna/afurða við verklok og eftirlit. Styrkjahandbókinni verði skipt í tvennt; annarsvegar leiðbeiningar fyrir umsækjendur um styrki og hins vegar handbók fyrir starfsfólk borgarinnar um afgreiðslu og meðhöndlun styrkja. Leiðbeiningar fyrir umsækjendur eiga að innihalda upplýsingar á einföldu máli um styrkjareglur, skilmála og myndskreyttar leiðbeiningar um ferli umsókna, og verði þýdd á ensku og pólsku.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar